

Fimmtudaginn 21. mars 1996 kl. 14:00

71. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 12/1996

## **Afsláttur af verði aðalskoðunar hjá Bifreiðaskoðun Íslands hf.**

### **I.**

#### **Málavextir**

##### **1.**

Í erindi, dags. 27. júní 1995, til Samkeppnisstofnunar kvartaði bifreiðaeigandi yfir tilboði sem hann hafði fengið frá Bifreiðaskoðun Íslands hf. Bifreiðaskoðunin hafði sent bifreiðaeigendum tilboð um frátekinn skoðunartíma þar sem þess var getið að bréfið gildi sem 300 kr. innborgun á skoðunargjaldið.

Ekkert verð var tilgreint í bréfinu en þegar spurst var fyrir um verð hjá Bifreiðaskoðuninni var skoðunargjaldið sagt vera kr. 2.662. Í ljós kom síðan að 300 kr. afslátturinn var veittur af auglýstu skoðunargjaldi dómsmálaráðuneytisins sem var kr. 2.910. Tilboðshafi átti því að greiða kr. 2.610 og afslátturinn var því í reynd aðeins 52 kr.

##### **2.**

Erindið var sent Bifreiðaskoðun Íslands hf. til umsagnar og barst stofnuninni svar, dags. 11. júlí 1995. Í svarinu kom fram að á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum hafði Bifreiðaskoðunin boðið viðskiptavinum skoðunina á kr. 2.662. Jafnframt var bent á að gjald á öðrum skoðunarstöðvum en í Reykjavík og Njarðvík væri kr. 2.910. Síðan sagði í svarinu:

*„Þrátt fyrir reglugerð stjórnvalda um gjaldskrá og kynningu á skoðunargjöldum Bifreiðaskoðunar og afslátt á þeim ef um hann er að ræða, getur fyrirtækið fallist á að glegggra sé fyrir viðskiptamenn þess ef endanlegt verð á þjónustunni er tilgreint í bréfunum, sem gilt hafa sem tiltekin innborgun á skoðunargjaldið.“*

### 3.

Í framhaldi af svari Bifreiðaskoðunar Íslands hf. beindi Samkeppnisstofnun, þann 25. júlí 1995, eftirfarandi tilmælum til fyrirtækisins:

*„Á grundvelli 21. gr. samkeppnislaga og 3. gr. reglna um verðupplýsingar í auglýsingum beinir Samkeppnisstofnun þeim tilmælum til Bifreiðaskoðunar Íslands hf. að þegar verðlækkun er auglýst sé gengið út frá því verði sem þjónustan er almennt boðin á en sú var ekki raunin í ofangreindu tilboði yðar. Sé svo gert er tryggt að framangreindum skilyrðum er fullnægt.“*

### 4.

Nýlega hefur Bifreiðaskoðunin aftur sent út tilboð um frátekinn skoðunartíma til bifreiðaeigenda ásamt afsláttarmiða sem gildir sem innborgun á skoðunargjaldið. Á afsláttarmiðanum segir m.a.:

*„Afsláttur 400 kr.“ og „Gegn framvísun þessa miða bjóðum við þér aðalskoðun fólksbíls á kr. 2.610,-“*

Þegar hringt er í símanúmer tímapantana Bifreiðaskoðunar, m.a. í Reykjavík, er gefið upp að almennt sé veittur 10,5% afsláttur af skoðunargjaldi og að skoðunin kosti kr. 2.750. Jafnframt var því svarað til að þetta verð hafi verið í gildi á þessu ári en skráð gjald dómsmálaráðuneytisins væri kr. 3.010.

### 5.

Með vísan til tilmælanna frá 25. júlí 1995 óskaði stofnunin skýringa Bifreiðaskoðunar Íslands hf. á þessu nýja tilboði. Í svari Bifreiðaskoðunar kemur fram að:

*„Almennt verð fyrir aðalskoðun hjá Bifreiðaskoðun Íslands hf. er kr. 3.010 og gildir það verð á öllu landinu þar sem fyrirtækið veitir þessa þjónustu.“*

Jafnframt segir:

*„Stundum er veittur afsláttur frá almenna verðinu og er hann gjarnan nefndur tilboð í skoðunarmánuði, desembertilboð, páskatilboð o.s.frv. Að undanförnu hafa 10,5% afsláttur sem samsvarar kr. 2.750 skoðunargjaldi, kr. 400, 500 eða*

600 afslættir sem samsvara kr. 2.610, 2.510 eða 2.410 skoðunargjaldi verið veittir. Í öllum tilvikum er skoðunargjaldsins með afslætti rækilega getið.

Þetta verklag er í samræmi við bréf okkar til Samkeppnisstofnunar frá 11.07.1995.“

## **II. Lagaumhverfi**

Í 21.gr. samkeppnislaga segir:

*„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.*

*Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“*

## **III. Niðurstaða**

Í bréfi Samkeppnisstofnunar til Bifreiðaskoðunar Íslands hf., dags. 25. júlí 1995, er þeim tilmælum beint til fyrirtækisins að í tilboðum um verðlækkun sé gengið út frá því verði sem þjónustan sé almennt boðin á en sú hafi ekki verið raunin. Þrátt fyrir að Bifreiðaskoðun bjóði ekki afslátt af skoðunargjaldi í skoðunarstöðvum þar sem samkeppni gætir ekki telst það ekki almennt gjald á því markaðssvæði sem verið er að bjóða afsláttinn á.

Í nýlegu tilboði Bifreiðaskoðunar Íslands hf. segir að afslátturinn sé 400 kr., sem jafngildi því að skoðunin kosti 2.610 kr. Á sama tíma og á sama markaðssvæði býðst bifreiðaeigendum almennt að færa bifreiðar sínar til skoðunar hjá

Bifreiðaskoðuninni fyrir 2.750 kr. Það að segja afsláttinn vera 400 kr. þegar hann í reynd er 140 kr. er villandi og ekki í anda 21. gr. samkeppnislaga.

#### IV.

#### Ákvörðunarorð:

**„Með vísan til 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 er Bifreiðaskoðun Íslands hf. óheimilt að auglýsa að afsláttur af aðalskoðun sé 400 kr. þegar hann er í reynd einungis 140 kr.“**